

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2383 frá 23. maí 2023 um breytingu og leiðréttingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi og heiti náms ⁽¹⁾.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 D 2383:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2383 frá 23. maí 2023 um breytingu og leiðréttingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi og heiti náms (Stjtið. ESB L, 2023/2383, 9.10.2023).“

2. gr.

Texti framseldrar ákvörðunar (ESB) 2023/2383, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2383, 9.10.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.